



Fréttabréf FFA apríl 2025

Úr starfinu í mars:

Aðalfundur félagsins var haldinn 3. mars sl. og var vel sóttur. Þar fóru fram venjuleg aðalfundarstörf, kosið í stjórn og nefndir kynntar.

Stjórn FFA 2025-2026:

Þorgerður Sigurðardóttir, formaður
Gunnar Már Gunnarsson, varaformaður
Einar Hjartarson, gjaldkeri
Þorbjörg Þorsteinsdóttir, ritari
Fjóla Kristín Helgadóttir, meðstjórnandi
Varamenn: Árni Gíslason og
Þorvaldur R. Kristjánsson

[Meira um nefndir hér](#)

Aðal ferðakynning FFA var haldin 27. mars í VMA og mættu þar um 70 manns.



Því miður hefur ekki verið hægt að fara í skíðaferðir eins og vonir stóðu til og tókst með naumindum að ljúka grunnnámskeiðinu á utanbrautarskíðum en af framhaldsnámskeiðinu varð ekki.

Við vonum auðvitað að næsti vetur verði betri að þessu leytnu. Eða að það komi vænlegur snjór í apríl og maí, aldrei að vita.

Árbók FÍ 2025 er ekki af verri endanum en hún er um Fuglastaði á Íslandi og tekin saman af Daníel Bergmann. Bókin er væntanleg norður um mánaðarmótin **apríl/maí**. Bókina fá allir félagsmenn í FFA sem greitt hafa félagsgjald fyrir árið 2025. Einnig fá félagar tímaritið Ferðir sem FFA gefur út. Þetta verður allt auglýst rækilega þegar að þessu kemur.

Við viljum vekja athygli á frábærri ferðaáætlun FFA og verður fyrsta gönguferðin 24. apríl í Mývatnssveitina.

Vel hefur bókast í nokkrar ferðir hjá FFA í sumar og eru nokkrar uppseldar. Enn er laust í ferðina Herðubreiðarlindir-Bræðrafell-Askja.

[Næsta Opna hús verður 3. apríl](#)

Gengið á fjöll í Tansaníu

